

**Fundargerð stjórnar BÍS 10/2016, miðvikudaginn 25. maí 2016 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

#### **Mættir:**

Bragi Björnsson skátahöfðingi, Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

**Í fjarfundabúnaði:** Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs

**Fjarverandi:** Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri

#### **Dagskrá:**

- 1) Setning** Bragi bauð stjórnarmenn velkomna og setti fundinn.
- 2) Fundargerð síðasta fundar** síðasta fundar samþykkt.
- 3) Yfirlit stjórnarmanna**
  - a. Berglind:** Rekka og róverkvöld annað kvöld, allt klárt. Ráðið fer í sumarfrí eftir það, byrja í ágúst með „Rödd ungra skáta“. Var á Akureyri við opnun nýs skátaheimilis Klakks.
  - b. Bragi:** Fór norður og fagnaði nýju skátaheimil Klakks, gott spjall við bæjarstjórn ofl. sem eru velviljaðir skátastarfi, nokkrir skátar heiðraðir. Drög að samningi við ríkið í vinnslu. Spurning að leigja stór uppblásin tjöld í tengslum við EM. Gengur ekki núna en kannski hægt að skoða síðar. BP-fellowship kynning – eru að taka upp rafræna skráningu. Verið að övinnna að dagskrá á kynningarfund.
  - c. Fríður Finna:** Áhugaverður símafundur við WAGGGS skrifstofuna um vinnu við fjölgun í skátastarfi, NSK undirbúningsfundur í KBHN. Með í undirbúningi fyrir skipulagsbreytingar hjá WAGGGS, skilgreining á hlutverki skrifstofunnar í Brussel, þarf að skoða þetta betur, að Evrópa verði áfram með sína „regional“ skrifstofu, ekki bara heimsskrifstofuna. Að sjálfstæði evrópuskrifstofunnar verði áfram tryggt. Mikil vinna í gangi með uppsetningu á vefnum fyrir félagaráð.
  - d. Heiður Dögg:** Lokavinnsla á skátablaðinu, fer vonandi í prentun í þessari viku. Nokkrir fundir á þessum dögum, eru að byrja undirbúning undir kynningarviku í haust og hvað skátafélögin geta gert til að minna á starfið.
  - e. Jón Þór:** Auði djúpuðgu verður frestað, var of dýrt og þátttaka náðist ekki á þessu verði. Við erum 50% dýrari en t.d. Írar. WOSM- þar er von á tveimur meginmálefnum á þinginu, m.a. verulengd í ráðinu. Talað um að fjölga úr 6 í 7 manns, ráðið er orðið meira framkvæmdastjórn en stefnumótandi. Þarf að vinna í að kynna meira frambjóðanda BÍS (Huldu), boðað til fundar með stjórn og fararhóp á Evrópuráðstefnu þar sem hægt er að fara yfir gögn sem tilheyra þinginu og fá línu frá stjórn inn á þingið svo hópurinn mæti samstilltur. Vinna í alþjóðaskýrslu og upplýsingum á vefnum ofl.

- f. **Ólafur:** Hópur að klára á Gilwell (23 manns) næstu helgi, þetta taka 23 manns í haust. Nokkrar byrjanir á Gilwell námskeiðum næsta vetur, október-janúar. Teymið er að eflast, verða með uppskerugleði fyrir teymið í júní. Eru að ljúka við nýja námskrá sem byggir á endurmati og reynslu af vinnu í vetur.
- g. **Sonja:** Stjórnarfundir hjá öllum dótturfélögum bandalagsins, fjögurra mánaða uppgjör lögð fyrir þar. Tjaldaleigan er að flytja út á Keilugranda í húsnæði sem R-borg útvegaði okkur. Þaðan verður öll tjaldaleiga í sumar. Þetta verður til þess að starfskraftar Tjaldaleigunnar og Endurvinnslunnar nýtast betur – geta hjálpað til við að taka kúfinn af hvor hjá öðrum. Verið að vinna niður í uppsafnaðar dósir, mikil aukning í dósasöfnun og lítur vel út. Fjármálaráð verður kallað saman í júní. Húsnæðið í Hafnarfirði nýttist undir ýmsan útbúnað (m.a. landsmótsútbúnað) því það er upphitað en ekki Keilugrandi.
- h. **Una Guðlaug:** Dagskráráð er að leggja línurnar fyrir haustið, Rekka- og róvernetið fer af stað í haust og drög að forsetamerkisbókinni verða kynnt á landsmóti, prufukeyrt næsta vetur. Hvatakerfið verður líka kynnt á landsmóti.
- i. **BÍS:** Starfsfólk að detta í sumarfrí, allir í vinnu í júlí v/landsmóts.

#### 4) Fjármál.

##### 5) Meginviðfangsefni 1:

- a. Starfsreglur stjórnar samþykkt
- b. Starfsrammi stjórnar og starfsumgjörð, meginviðfangsefni ársins samþykkt
- c. Samskipta- og verklagsreglur samþykkt

##### 6) Meginviðfangsefni 2:

- a. Stefnumótun – staðan á verkefnum 2016 kynnt, verður unnið áfram.

##### 7) Mál til kynningar:

- a. Starfsyfirlit starfsmanna. stutt report – ekki í stjórnarmöppu

##### 8) Mál til bókuunar:

- a. Verkefnahópablað - Fjölgun skáta. Samþykkt með fyrirvara um að fjárhagsáætlun verði endurskoðuð. Þeirri endurskoðun er vísað til framkvæmdastjóra.
- b. Vinnuhópur um Forsetamerkisbók verkefnahópablað samþykkt. Ath. það er ekki til yfirlit yfir vinnuhópablað.
- c. Fundargerðir Úlfljótsvatnsráðs
- d. Boðsbréf frá skf. Klakki. Bragi og Berglind fóru norður og tóku þátt í hátíðahöldum við opnun á nýju skátaheimili.

##### 9) Önnur mál

- a. **Skipan í Úlfljótsvatnsráð** – frestað til næsta fundar.
- b. **Bland í poka – tímasetning 7.-9. okt.** Verður haldið að Laugum í Sælingsdal. Athuga með StartUp! í lok ágúst. Stjórn tekur það að sér.
- c. **Stefna BÍS í Öryggis- og heilbrigðismálum.** Samþykkt.
- d. **Dagskrárvefur – tölvumál (UGS)** Þróun og breytingar á vefnum eru komnar langt fram yfir dagsetningu á verklokum. Stjórn leggur áherslu á að verkinu verði lokið fyrir 1. júlí.

- e. **Skátastarf í Úlfarsárdal** Áhugi hjá íbúum á svæðinu, það hefur verið fésbókarsíðu íbúa. Málinu vísað til félagaráðs.
- f. **Fjarvera. Sigríður og Hermann verða í burtu næstu viku, Jón Ingvar Bragason er í forsvari fyrir BÍS.**

Fleira ekki rætt. Næsti fundur verður 8. júní kl. 17:30.  
Fundi slitið kl. 21:06. Fundargerð ritaði SÁ.